**Ed.** **430. Nefndarálit** [201. mál]

**um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.**

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Frv. þetta er flutt af ríkisstjórninni að beiðni háskólarektors og felur fyrst og fremst í sér framlengingu heimildar til happdrættisrekstrar til ársins 1989, en núverandi heimild Háskóla Íslands rennur út í lok þessa árs.

Dómsmálaráðuneytið hefur bent á, að æskilegt væri að gera nokkrar minni háttar breytingar á lögunum til viðbótar þeim breytingum, sem háskólarektor hefur haft frumkvæði um. Nefndin hefur fallizt á þessar ábendingar og mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum, sem fylgja á sérstöku þingskjali.

Magnús Jónsson, Jón Árm. Héðinsson og Björn Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. marz 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm.

Páll Þorsteinsson, fundaskr.

Geir Hallgrímsson.

Halldór Kristjánsson.